

**Verkefni :** Virkniverkefni fyrir atvinnuleitendur í Hafnarfirði og Garðabæ

**Styrkþegi:** Hafnarfjarðardeild RKÍ, Garðabæjardeild RKÍ, Hafnarfjarðarbær og Garðabær

Sveitarfélögin og Rauða kross deildirnar í sveitarfélögunum tveimur unnu saman að rekstri virkniseturs fyrir atvinnuleitendur. Markmiðið var að skapa vettvang fyrir atvinnuleitendur í Hafnarfirði og Garðabæ til sjálfseflingar og virkni í atvinnuleit. Virknisetrið stóð fyrir námskeiðum og afþreyingu sniðinni að þörfum atvinnuleitenda.. Sérstaklega var stefnt að því að virkja atvinnuleitendur til að nýta krafta sína með því að þróa og skapa sín eigin verkefni, sem gjarnan nýtast öðrum. Áhersla var lögð á sjálfböðna þjónustu.

Verkefnisstjóri var ráðinn í hálfu stöðu frá 1. maí 2010. Vann fyrst að undirbúningi og þróun.Í lok ágúst var fullmótuð stundatafla fyrir haustönnina tilbúin. Samstarfsaðilar skipuðu verkefnisstjórn til að fylgjast með verkefninu og framgangi þess. Einnig sat verkefnisstjóri virknisetursins í samráðshópi Hafnarfjarðarbæjar um atvinnumál, en þar mætir þverfaglegur hópur fólks sem vann að úrræðum fyrir atvinnuleitendur og fylgdist þannig náið með því sem var að gerast í málaflokknum hverju sinni. Verkefnisstjóri var jafnframt í samvinnu við Kveikjuna sem er einnig samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar í frumkvöðlastarfi. Náið samstarf var við atvinnumálaskrifstofu Hafnarfjarðar sem er útibú Vinnumálastofnunar í Hafnarfirði.

Kynningar á virknisetrinu voru á öllum fundum Atvinnumálaskrifstofu Hafnarfjarðar með atvinnuleitendum og var það mjög góð kynning. Auglýst var í öllum tölublöðum í staðarblöðum beggja sveitarfélaga á starfstímanum og greinar um starfsemina birtar. Virknisetrið nýtti sér miðlun á fésbókinnig og sérstökum borðum komið upp á heimasíðum Rauðakrossdeildanna til að vekja athygli á starfseminni. Þá voru skrifaðar fréttir af starfseminni á vefsíðurnar. Starfið var kynnt meðal þeirra sem vinna að málefnum atvinnuleitenda, innan bæjarkerfis beggja sveitarfélaga og meðal annara frjálsra félagasamtaka.

Boðið var uppá fjölbreytta dagskrá og sett voru markmið um getakomur og viðbragðsáætlun væri aðsókn ekki í samræmi við sett markmið. Í viðauka 1 má sjá komutölur og viðbragðsáætlun. Ásóknin var mun betri en gert hafði verið ráð fyrir og sóttu konur og karlar virknisetrið jafnt

Fram kom mikið þakklæti atvinnuleitenda með þá virkni sem boðið var uppá. Undir lok verkefnisins kom þó ákveðið bakslag í verkefnið þar sem ekki var ljóst hvort fjármögnun virknisetursins fyrir árið 2011 væri tryggð. Óvissan var mjög neikvæð fyrir starfsemina og andann í setrinu.

**Project:** Activity centre for the unemployed in the municipalities Hafnarfjörður and Garðabær

**Grantee:** Icelandic Red Cross Hafnarfjörður branch, Icelandic Red Cross Garðabær branch, Municipality of Hafnarfjörður and Municipality of Garðabær

### **Abstract**

The activity centre for the unemployed was a cooperation project of the two municipalities and the Red Cross branches. The aim was to encourage empowerment of the unemployed in the municipalities of Hafnarfjörður and Garðabær and create an atmosphere of active job searching. The activity centre offered different activities aimed to meet the needs of the unemployed. One of the goals of the centre was to encourage the unemployed to use their skills and knowledge to create their own projects for themselves and others. Volunteering played an important role in all work in the centre.

A paid project manager was hired (half time job) from 1st May 2010. The project manager further designed the project planning. The fall term schedule was ready at the end of August. The projects partners ran a project management to monitor the project. The centres project manager participated in a consultation group on the situation on the labour market, run by the municipality of Hafnarfjörður and worked closely with Kveikjan Innovation Centre that both municipalities are involved in. The activity centre also worked closely with Hafnarfjörðurs employment office, the local branch of the Directorate of labour.

The work of the centre was introduced at all meetings held for the unemployed by Hafnarfjörðurs employment office. The program was advertised in every issue of the local papers during the time of the project and articles were published. The centre was active on Facebook and banners used on the websites of both Red Cross branches. Additionally news about the activities in the centre was published regularly on the websites. A special effort was made to introduce the activity centre to all employees of the municipalities that might work with the unemployed and among other NGOs.

The program offered was diverse and goals regarding attendance were in place. These goals also included a reaction plan if attendance was poor. The result was that the attendance was greater than expected (see Annexes 1). The centres gender balance was good (49/51).

People were happy with the program and support offered at the centre. Towards the end of the program sponsored by Velferðavaktin the funding of the activity centre for 2011 was uncertain. That did cause an uncertainty for the future and had a negative impact on people's spirit.

Viðauki 1 / Annexes 1

Vikur	Raun fjöldi	Áætlun
33	7	
34	5	
35	22	
36	45	
37	24	45
38	44	50
39	42	50
40	39	50
41	61	55
42	35	55
43	46	55
44	85	55
45	50	55
46	65	55
47	66	60
48	81	60

Hlutfall af áætlun	Viðmið
80-100% yfir	Mjög gott, ekki þörf á aðgerðum
70-79%	Ásættanleg vikmörkum ekki náð, verkefnisstjóri vinnur að því að ná betri árangri
50-69%	Slæmur árangur verkefnisstjóri í samráði við framkvæmdarstjóra vinni að viðbrögðum. Gera skal breytingar á dagskrá í samræmi við þáttöku.
49% eða lakara	Óásættanlegt, verkefnisstjórn fjalli um viðbrögð